



Ársskýrsla og ársreikningur 2010

Efnisyfirlit:

Yfirlit.....	2
Framkvæmdir 2010.....	2
Gróðursetningar 2010.....	3
Óvæntur skaðvaldur	4
Sumarferð skógarbænda á Vestfjörðum.....	5
Rannsókn á lifun og afföllum fyrstu ára.....	9
Ársreikningur 2010.....	10

Ársskýrsla 2010

Yfirlit.

Árið 2010 er 11. starfsár Skjólsskóga á Vestfjörðum.

Á árinu var gefin út sérstök skýrsla með yfirliti um framkvæmdir fyrsta áratugar „10 ára yfirlit 2000-2010“ Skýrsluna má nálgast í heild sinni á heimasíðu Skjólsskóga: skjolskogar.is eða á skrifstofu Skjólsskóga á Þingeyri.

Rekstur Skjólsskóga var með svipuðu sniði og undanfarin ár með þeirri undantekningu að á árinu voru gerðir átta nýir samningar um skógræktarlönd.

Fjárveitingar til verkefnisins voru enn skornar niður frá fyrr ári og námu nú 43,7 milljónum í stað 46,1 milljóna árið áður. Afgangur var af rekstrarfé ársins 2009 sem nam 2,2 milljónum og fékkst leyfi til að nota 1,7 milljónir kr. af því til reksturs 2010.

Engu að síður þurfti að beita miklu aðhaldi til að ná endum saman í árslok og tókst þó ekki að fullu (sjá ársreikning aftar). Framlög til beinna framkvæmda á jörðum (framlag til skógræktar) voru þó 20,8 milljónir á móti 23,4 milljónum árið áður.

Þegar líða tók á árið varð ljóst að fjárveitingar mundu enn vera skornar niður á árinu 2011 og sá stjórn Skjólsskóga ekki aðra leið færa til að mæta þeim niðurskurði með öðru móti en draga úr föstum kostnaði verkefnisins og var því einum starfsmanni (Arnlini Óladóttur í 80% starfi) sagt upp frá áramótum 2010/2011.

Framkvæmdir 2010.

Eins og fyrr segir voru gerðir átta nýir samningar á árinu en ekki höfðu verið gerðir samningar frá því snemma árs 2008. Sex þessara samninga eru gerðir við nýja skógarbændur.

Nýjar jarðir með samning við Skjólsskóga eru:

- Brekka í Brekkudal í Dýrafirði 14,3 hektarar
- Heimabær í Arnardal Skutulsfirði 21,2 ha
- Hólasel í Reykhólasveit 12,7 ha
- Innri Hjarðardalur Önundarfirði 13,8 ha *
- Leira í Leirufirði (Jökulfjörðum) 75,0 ha **
- Ytri-Veðrará í Önundarfirði 28,6 ha


Jarði sem fengu samning um stækkað skógræktarsvæði eru:

- Tröð Önundarfirði stækkun úr 62 í 108 ha.
- Otradalur Arnarfirði stækkun úr 111 ha í 145 ha.

Samtals hefur því samningsbundið skógræktarland stækkað um tæpa 250 hektara og er nú 2.970 hektarar á 52 lögbýlum.

* Samningur í Innri Hjarðardal í Önundarfirði er um skjólbeltakerfi á túnnum.

** Samningur á Leiru í Leirufirði er um framkvæmd sem er í grundvallaratriðum frábrugðin hefðbundnum skógræktarframkvæmdum. Þarna verður unnið eftir áætlun um *vistheimt* – þar sem markmiðið er að stuðla að og hvetja endurheimt náttúrulegs birkiskóga vistkerfis á svæðum sem hafa verið að koma undan skriðjökli undanfarna áratugi. Þetta er gert með hóflegri áburðargjöf og gróðursetningu. Sérstakar hverfisverndarreglur gilda í Leirufirði og aðeins er heimilt að nota *staðarkvæmi* innlendra trjátegunda. Staðarkvæmi í þessu tilfelli geta komið úr náttúrulegum skógum í Ísafjarðardjúpi en ekki lengra að.




Kortið að ofan sýnir öll svæði sem Skjólskógar á Vestfjörðum hafa samið um frá upphafi.

Gróðursetningar 2010.

Gróðursetningar árið 2010 voru með allra minnsta móti og þarf að leita aftur til 2001 til að finna ár þar sem fjöldi gróðursettra plantna var minni. Ástæðan er viðleitni til að lækka breytilega kostnað. Fjöldi og hlutfall einstakra tegunda má sjá í töflu og grafi neðar.

Tegundir	2010
Ilmbjörk	64.520
Sitkagreni/S.bast.	40.176
Hvítgreni	20.585
Blágreni	7.000
Rússalerki	18.000
Evróplerki	4.640
Stafafura	9.880
Bergfura	10.080
Lindifura	10.000
Alaskaösp	16.844
Reyniviður	3.565
Selja	12.175
Græn /Sitkaelri	5.040
Gul./Strandaviðir	3.955
Annar viðir	2.800
Ýmasar tegundir	887
	230.147




Gróðursetningar gengu vel og var að mestu lokið fyrir mánaðamót júní júlí. Grunnnámskeið fyrir nýliða í skógrækt var haldið í Holti í Öfundafirði 20. maí og sóttu það 10 manns en kennarar voru starfsmenn Skjólskóga.

Óvæntur skaðvaldur

Lirfa mófeta olli talsverðu tjóni á ungum plöntum á afmörkuðum svæðum einkum í Ísafjarðarsýslum.

Mófetinn (*Eupithecia satyrata*) hefur ekki verið til vandræða fyrr svo vitað sé enda ekki talinn algengur á Vestfjörðum. Undanfarin ár hefur hann verið mjög til boga í berjabrekkum og virðist breytast í alætu þegar nóg er af honum. Talsvert bar á nálaskemmdum í lerki og furum a.m.k. í Dýrafirði. Ekki er ljóst hvort þessi plága er í rénun en ekkert bendir svo sem til þess.



Myndskýringar:

1. Ummerki mófeta á krækiberja- og bláberjalyngi, 2ja m. lerkitré barrlaust með öllu.
2. Mófetalirfa er hold-lit og því auðþekkjanleg frá öðrum algengum fetum s.s. birkifeta.
3. Lirfa á lerkisprota
4. Skemmdir á nálum stafafuru.

Allar myndirnar eru teknar á Mýrum í Dýrafirði seinnipart ágúst 2010.

Sumarferð skógarbænda á Vestfjörðum

Arnlín Óladóttir hafði gengið með þá hugmynd í nokkurn tíma að efna til skemmti- og skoðunarferða skógarbænda á Vestfjörðum í aðra landshluta m.a. til að kynna fyrir bændum hvers væri að vænta af starfi þeirra ef vel tækist til.

Dagana 3. til 8. ágúst 2010 voru 17 Vestfirskir skógarbændur á ferðalagi um „meginlandið“.



Þátttakendur staddir í gamla skógarreitnum á Grund í Eyjafirði.

Aftasta röð frá vinstri:

Eysteinn Gunnarsson og Jensína Pálsdóttir Hólmavík, Magnús Hrafnsson Bakka Bjarnarfirði, Auðbjörg Halla Knútsdóttir Lyngholti Dýrafirði.

Miðröð frá vinstri:

Edda Arnholtz Mýrum Dýrafirði, Bergsveinn Gíslason Mýrum Dýrafirði, Tómas Sigurgeirsson Reykhólum, Valdimar Gíslason Mýrum Dýrafirði, Sæmundur Kr. Þorvaldsson Lyngholti Dýrafirði, Arnlín Óladóttir Bakka Bjarnarfirði, Patricia Burk Bakka Bjarnarfirði, Elinbjörg Snorradóttir Mýrum Dýrafirði, Ásvaldur Magnússon Tröð Önundarfirði.

Fremsta röð frá vinstri:

Svanhildur Sigurðardóttir Reykhólum, Guðrún F. Björnsdóttir og Birkir Friðbertsson Birkihlíð Súgandafirði og Helga Dóra Kristjánsdóttir Tröð Önundarfirði.

Viðkomustaðir voru flestir tengdir skógum:

Hof í Vatnsdal, sjálfgræðsla blæspar

Haukagil í Vatnsdal, birkiskógur vaxinn upp af sáningu 1927

Silfrastaðir í Skagafirði, bændaskógrækt

Grund í Eyjafirði, upphaf skógræktar á Íslandi (1899-1906)

Garður í Fnjóskadal, fyrsti fundarstaður blæspar á Íslandi

Vaglaskógur í Fnjóskadal, skógurinn og fræhús

Stafn í Reykjadal

Eyjófsstaðir á Völlum, bændaskógrækt

Hallormsstaðaskógur, viðarkyndistöð, trjásafnið og grisjun.

Stóra Sandfell í Skriðdal, bændaskógrækt

Þórbergsetur á Hala í Suðursveit, -ekki tengt skógrækt en ræktun andans.

Skeiðarársandur, víðáttumikil sjálfgræðsla birkis

Kirkjubæjarkalaustur, hæsta sitkagreni á Íslandi frá 1945, 23-24 m. hátt.

Tumastaðir í Fljótahlíð, trjásafn

Múlakot í Fljótshlíð, lýðveldislundur

Hekluskógar í Þjórsárdal, landgræðsla

Haukadalur í Biskupstungum, skógur og meðhöndlun

Þingvellir, upphaf skógræktar á Íslandi (ásamt reitnum á Grund í Eyjafirði)

Fitjar í Skorradal, bændaskógur

Stálpastaðir í Skorradal, Skógrækt ríkisins

Jafnaskarðsskógur við Hreðavatn.



Fræðst um vinnuna í Hallormsstaðarskógi af Þór Þorfinnssyni skógarverði.



< Frá Silfrastöðum í Skagafirði.



Úr Hallormsstaðaskógi.



Veggklæðning úr 18. ára gamalli stafafura í skemmuvegg á Fitjum í Skorradal



Ætli sé framtíð í þessu ?

Birkir í Birkihlíð, Ási í Tröð og Beggi á Mýrum velta vöngum undir vænum timburstala í Skorradal

Þátttakendur voru hæstánægðir með ferðinni og kunna Arnlíni hinar bestu þakkir fyrir vandað og hnökralaust skipulag og undirbúning.

Ljósmyndir: Sæmundur



Rannsókn á lifun og afföllum fyrstu ára

Skjólskógar unnu á árunum 2007-2010 all umfangsmikla athugun á vexti og viðgangi elstu gróðursetningum Skjólskóga á 7 jörðum, gróðursetningarárin 2000-2004.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar koma fram í ágripi skýrslu Arnlínar „Úttekt á árangri gróðursetninga 2000-2009“ (hér að neðan) en skýrsluna í heild sinni má nálgast á heimasíðu Skjólskóga: skjolskogar.is eða á skrifstofu Skjólskóga á Þingeyri.

Ágrip

Haustin 2007 og 2009 var gerð úttekt á samtals 7 jörðum á starfssvæði Skjólskóga á Vestfjörðum. Tilgangur úttektarinnar er að kanna þann árangur sem orðið hefur við skógræktarframkvæmdir á þessum jörðum og hvort einhverjar aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að skógarnir verði eins og að var stefnt. Gróðursetningu hafði lokið að minnsta kosti þremur árum fyrir úttekt og því gert ráð fyrir að afföll hafi komið fram að langmestu leyti. Tekið var nokkuð stórt úrtak, eða 3,2% af skógræktarsvæðunum, 100 fermetra mælifletir valdir með tilviljanaúrtaki. Plöntufjöldi var skráður, ásamt hæð trjánna og ástandi þeirra, sérstaklega byggingarlag.

Helstu niðurstöður eru þær að 66% af trjánnum er lifandi í heild á þessum skógræktarsvæðum, frá 57% á þeirri jörð þar sem mest afföll hafa orðið en 94% þar sem trén hafa lifað best. Meðalhæða allra trjategunda á öllum jörðum er tæpir 50 cm, 29 cm á þeirri jörð þar sem skilyrði eru erfiðust og að 63cm þar sem trén hafa vaxið best. Meirihluti trjánna eru gallalaus eða 56% en 37% þeirra eru gölluð að einhverju leyti. 7% trjánna reyndust vera léleg.

Ekki reyndist marktækur munur á þessum atriðum eftir neinum þeim gögnum sem fyrir liggja um aðstæður á skógræktarsvæðunum; landfræðilegum upplýsingum úr grunngögnum, gróðursetningarári eða staðsetningu jarðarinnar innan Vestfjarða. Þó eru vísbendingar í gögnunum sem gætu styrkst við frekari úttektir.

Í framhaldinu er bændum send skýrsla sem annars vegar útskýrir niðurstöður úttektar og hins vegar eru tillögur um íbætur og aðrar aðgerðir til að auka vöxt og bæta vaxtarlag trjánna. Skjólskógar munu einnig taka ýmsa þætti í verklagi og fræðslu til skoðunar vegna niðurstöðu úttektarinnar.



Forsíðumynd rannsóknarskýrslunnar er af vöxtuglegu 5-6 ára sitkagreni í Höfðadal í Tálknafirði. Ljósm. Arnlín.